

Fréttatilkynning

Ársreikningur Landsvirkjunar árið 2010

Gott sjóðstreymi

- Rekstrartekjur námu 377,6 milljónum USD (43,4 ma.kr.) sem er 10,3% aukning á milli ára.¹
- EBITDA nam 298,1 milljón USD (34,3 ma.kr.) að teknu tilliti til innleystra áhættuvarna tengdum álverði. EBITDA hlutfall er 78,9% af veltu.
- Handbært fé frá rekstri nam 229,6 milljónum USD (26,4 ma.kr.), en var 197,0 milljónir USD árið áður sem er 16,5% aukning.
- Hagnaður eftir skatta nam 72,9 milljónum USD (8,4 ma.kr.), en var 192,9 milljónir USD árið áður.
- Meðal raforkuverð til stóriðju var 25,7 USD/MWst en var 19,5 USD/MWst árið áður. Meðal raforkuverð í heildsölu var 3,4 kr/kWst en var 3,2 kr/kWst árið áður.
- Nettó vaxtaberandi skuldir félagsins lækkuðu um 149,9 milljónir USD á árinu og voru í árslok 2.674 milljónir USD.
- Lausafjárstaða Landsvirkjunar er sterk og hafði fyrirtækið um áramót aðgang að 573,2 milljónum USD eða sem nemur 65,9 ma.kr.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Við erum mjög sátt við þetta uppgjör. Landsvirkjun hefur verið að auka áherslu á að hámarka langtímaarðsemi orkunýtingar og ber ársreikningurinn merki þess. Nýr samningur við Alcan á Íslandi hf. var ákveðinn áfangi á þeirri leið þar sem verðþróun raforku á Íslandi var tengd þróun raforkuverðs á alþjóðlegum mörkuðum og álverðstenging afnumin.

Landsvirkjun hefur einnig lagt áherslu á að jafna áhættu í efnahagsreikningi sínum með því að greiða niður skuldir en jafnframt tryggja aðgengi að lausafé. Árið 2010 var annað árið í röð þar sem fyrirtækið greiðir niður skuldir sínar og í árslok var aðgengi að lausu fé upp á 65,9 milljarða króna sem hefur aldrei verið hærra. Á árinu 2011 verður áfram lögð áhersla á að lækka skuldir félagsins.

Horfur á árinu 2011 eru góðar og helgast af hagstæðu vaxtaumhverfi og viðunandi álverði. Þá hefur fyrirtækið mætt miklum áhuga, nýrra jafnt sem eldri, viðskiptavina á kaupum á

¹ Samantekt miðast við framsetningu stjórnenda Landsvirkjunar þar sem innleystar áhættuvarnir tengdar álverði eru færðar meðal tekna. Samanburður á þeirri framsetningu og IFRS er að finna aftast í tilkynningunni og í ársreikningi. Starfrækslugjaldmiðill Landsvirkjunar er Bandaríkjadalur. Til viðmiðunar eru íslenskar krónur í yfirliti, notast var við gengið USD/ISK 115

raforku. Samningur við Íslenska Kísilfélagið ehf. sem undirritaður var í febrúar 2011 er til marks um það. Til að mæta aukinni sölu þá hefur Landsvirkjun hafið framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun og standa vonir til að fjármögnun hennar ljúki innan skamms. Einnig áformar félagið fjárfestingar fyrir 1,5 milljarða króna í verkefni á Norðausturlandi á árinu.“

Lykiltölur úr rekstri

Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins. Samkvæmt IFRS eru innleystar áhættuvarnir tengdar álverði færðar á meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Stjórnendur Landsvirkjunar telja gefa gleggri mynd af rekstri fyrirtækisins að færa innleystar álvarnir með tekjum fyrirtækisins og birta einnig rekstrarreikning með þeim hætti í sérstöku yfirliti sem er fremst í ársreikningnum. Breytingin hefur ekki áhrif á afkomu, efnahag eða sjóðstreymi, en hún hefur áhrif á uppröðun einstakra liða innan rekstrarreikningsins.

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur Landsvirkjunarsamstæðunnar hækkuðu um 84,2 m USD á milli áráanna 2009 og 2010, eða úr 299,8 m USD í 384 m USD, sem skýrist bæði af herra orkuverði og aukinni sölu til iðnaðar. Herra orkuverð kemur til vegna herra álverðs og þróunar verðlags. Í árslok 2010 voru um 50% af orkusölusamningum félagsins tengdir álverði. Meðalheildsöluverð til almenningsrafveitna (án flutningskostnaðar), var 3,4 kr/kWst á árinu 2010 samanborið við 3,2 kr/kWst árið áður. Breyting milli ára er 8,8%. Meðalverð til stóriðjunotenda var 25,7 USD/MWst á árinu 2010 og hækkaði um 31,8% frá árinu áður þegar það nam 19,5 USD/MWst. Meðalverð til stóriðjunotenda er hér reiknað með flutningskostnaði þar sem það á við. Félagið hefur í áhættuvörnum sínum varið að hluta álverðsáhættu og námu gjaldfærðar innleystar áhættuvarnir tengdar því 6,3 m USD en árið á undan nam tekjufærsla vegna slíkra áhættuvarna 42,5 m USD. Að teknu tilliti til áhættuvarna nemur hækkun tekna frá fyrra ári 35,3 m USD.

Rekstrarkostnaður án afskrifta og virðisrýrnunar nam 79,6 milljónum USD á árinu en var 70,7 milljónir USD árið áður. Hækkunin er einkum vegna aukins kostnaðar við orkukaup og styrkingar íslensku krónunnar frá fyrra ári. Af því leiðir að rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir, EBITDA, nam 298,1 m USD sem er besti árangur í sögu fyrirtækisins. Að teknu tilliti til afskrifta nam rekstrarhagnaður EBIT 190,8 m USD.

Eins og áður hefur komið fram þá er hluti af orkusölusamningum móðurfélagsins tengdir þróun álverðs. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar krefjast þess að sú tenging sé reiknuð upp sem innbyggð afleiða. Reiknuð breyting á verðmæti þessarar innbyggðu afleiðu færir í rekstrarreikning og getur haft mikil áhrif á fjármagnsliði félagsins. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 114,6 m USD sem skýrist aðallega af lækkun á gangvirði innbyggðra afleiða. Gangvirðisbreytingar eru að mestu leyti óinnleystar og verður að hafa það í huga við mat á afkomu fyrirtækisins. Meðalnafnvextir langtímalána voru um 2,57% á árinu 2010 en þeir voru um 2,46% árið áður, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds.

Efnahagsreikningur

Heildareignir Landsvirkjunar voru samkvæmt efnahagsreikningi 4.837 m USD í lok árs 2010. Eigið fé fyrirtækisins var 1.644 m USD og hefur eiginfjárlutfall hækkað milli ára. Það var 34,0% í árslok 2010 en 32,6% árið áður. Nettó skuldir lækkuðu um 149,9 m USD.

Á haustmánuðum 2010 gaf félagið út skuldabréf á alþjóðamarkaði og var það fyrsta skuldabréfaútgáfa fyrirtækisins frá bankahruninu árið 2008 sem seld var til erlendra fjárfesta. Næsta árs afborganir langtímaskulda fyrirtækisins á árinu 2011 nema 369,8 m USD. Handbært fé í árslok 2010 var 265,5 m USD og að auki hefur fyrirtækið aðgang að sammingsbundnum veltílanum og er óáðreginn hluti þeirra 307,7 milljónir USD. Laust fé var því alls 573,2 m USD. Veginn meðallíftími lánasafnsins var um 7 ár í lok ársins.

Sjóðstreymi

Landsvirkjun skilaði góðu sjóðstreymi á árinu 2010. Handbært fé frá rekstri samstæðunnar nam 229,6 m USD og hefur aldrei verið betra. Áhersla var á lausafjárstyringu í stað fjárfestinga á árinu og því námu fjárfestingarhreyfingar um 53,5 m USD samanborið við 120,5 m USD árið á undan. Annað árið í röð voru afborganir lána umfram lántökur. Það sýnir styrk félagsins að geta ráðstafað fjármunum þangað sem þeirra er þörf hverju sinni.

Af framansögðu leiðir að handbært fé fyrirtækisins jókst um 71,3 m USD á árinu og var handbært fé í árslok 265,5 m USD.

Kennitölur

Gott sjóðstreymi og aðhald í fjárfestingum hafa gert fyrirtækinu kleift að bæta flesta þá mælikvarða sem áhrif hafa á lánshæfismat fyrirtækisins. Skuldsetning félagsins mæld á móti rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (nettó skuldir / EBITDA) lækkar úr 10,39 í árslok 2009 og í 8,97 í árslok 2010. Þá er vaxtaþekjan (EBITDA/vaxtagjöld) komin upp í margfeldið 3,51 sem var 2,94 í árslok 2009. Þar sem arðsemi eiginfjár reiknast frá hagnaði ársins þá getur uppreikningur innbyggðra afleiðna haft mikil áhrif á niðurstöðuna. En arðsemi eigin fjár lækkaði úr 14% á árinu 2009 og var 4,7% í árslok 2010.

Horfur í rekstri

Tekjur Landsvirkjunar eru enn að nokkru leyti háðar álverði á heimsmarkaði. Nýr samningur við Alcan á Íslandi hf. er liður í því að minnka þá áhættu. Álverð er viðunandi um þessar mundir þó óvissa sé um þróun næstu missera. Þá er vaxtastig á helstu fjármálamörkuðum lágt sem nýtist Landsvirkjun vel þar sem meirihluti lána ber breytilega vexti. Því standa vonir til að sjóðsmyndun verði áfram góð um sinn. Afkoma fyrirtækisins mun því sem fyrr ráðast að miklu leyti af þróun álverðs, vaxta og gjaldmiðla. Á árinu 2011 verður áfram lögð áhersla á að lækka vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins.

Landsvirkjun mun ekki ráðast í frekari stórframkvæmdir nema að fjármögnun þeirra sé tryggð. Þær framkvæmdir sem hafnar eru við Búðarhálsvirkjun eru með fyrirvara um að fjármögnun virkjunarinnar gangi eftir. Er fyrirtækinu heimilt að stöðva framkvæmdir ef svo ber undir. Unnið er að fjármögnun Búðarhálsvirkjunar og eru viðræður þess efnis við lánastofnanir í góðum farvegi. Fyrirspurnir og heimsóknir frá hugsanlegum orkukaupendum sýna að eftirspurn eftir raforku frá Landsvirkjun er mikil og vonast fyrirtækið eftir því að það skili sér í hærra orkuverði í nýjum sölusamningum

Nánari upplýsingar veitir Hörður Arnarson, forstjóri, í síma 515 9000.

Ársreikningur Landsvirkjunar verður lagður fyrir aðalfund fyrirtækisins 15. apríl nk.

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnað árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Fyrirtækið framleiðir rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla og jarðvarma. Landsvirkjun vinnur 75% allrar raforku í landinu og er stærsti raforkuframleiðandi á Íslandi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.

Reykjavík, 18. mars 2011

Helstu stærðir ársreiknings í þúsundum Bandaríkjadala:**Samtæða - framsetning stjórnenda
Innleystar áhættuvarnir færðar meðal rekstrartekna**

| | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 |
|---|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Rekstrartekjur | 383.991 | 299.788 | 452.027 | 368.824 | 343.511 |
| Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði | (6.342) | 42.526 | (54.759) | (59.447) | (50.963) |
| Rekstrartekjur samtals | 377.649 | 342.314 | 397.268 | 309.377 | 292.548 |
| Rekstrar- og viðhaldskostnaður | (79.564) | (70.655) | (100.512) | (105.800) | (102.805) |
| EBITDA | 298.085 | 271.659 | 296.756 | 203.577 | 189.743 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | (107.258) | (114.321) | (105.532) | (81.960) | (76.932) |
| Rekstrarhagnaður (EBIT) | 190.827 | 157.338 | 191.224 | 121.617 | 112.811 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (108.258) | 52.602 | (605.804) | 505.085 | (212.470) |
| Tekjuskattur | (9.653) | (16.944) | 70.048 | (167.444) | 277.230 |
| Hagnaður (tap) | 72.916 | 192.996 | (344.532) | 459.258 | 177.571 |

**Samtæða - skv. alþjóðlegum
reikningsskilastöðlum**

| | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 |
|------------------------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Rekstrartekjur | 383.991 | 299.788 | 452.027 | 368.824 | 343.511 |
| Rekstrargjöld | (186.822) | (184.976) | (206.044) | (187.760) | (179.737) |
| Rekstrarhagnaður | 197.169 | 114.812 | 245.983 | 181.064 | 163.774 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (114.600) | 95.128 | (660.563) | 445.638 | (263.433) |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | 82.569 | 209.940 | (414.580) | 626.702 | (99.659) |
| Tekjuskattur | (9.653) | (16.944) | 70.048 | (167.444) | 277.230 |
| Hagnaður (tap) | 72.916 | 192.996 | (344.532) | 459.258 | 177.571 |

| | 31.12.2010 | 31.12.2009 | 31.12.2008 | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|-------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Eignir samtals | 4.837.486 | 4.803.522 | 4.619.220 | 5.142.303 | 4.279.794 |
| Eigið fé | 1.644.322 | 1.564.487 | 1.376.792 | 1.600.145 | 1.143.272 |
| Skuldir | 3.193.164 | 3.239.035 | 3.242.428 | 3.542.158 | 3.136.522 |
| Handbært fé frá rekstri | 229.595 | 197.023 | 184.350 | 138.522 | 146.789 |
| Lausafé alls | 573.208 | 475.848 | 474.993 | 529.578 | 424.963 |
| Fjárfestingar | 53.517 | 120.533 | 374.797 | 532.526 | 731.967 |
| Eiginfjárlutfall | 34,0% | 32,6% | 29,8% | 31,1% | 26,7% |
| Arðsemi eiginfjár | 4,7% | 14,0% | -21,5% | 40,2% | 18,3% |